

2. gr.

Til hreinsunar hunda skal nota annaðhvort kamaladupt eða arekadupt.

3. gr.

Þá er hreinsuninni er lokið, skal baða hundana úr sterku maurdrepandi baði (t. d. 1 peli creolin móti 9 pottum vatns).

4. gr.

Hreppsnefndin skal tvisvar á ári hverju, að lokinni hreinsun, gefa oddvita sýslunefndarinnar nákvæma skýrslu um tölu hunda og lækningu á þeim. Skal fyrri skýrslan send fyrir 1. júlí, en hin síðari fyrir 31. desember ár hvert.

5. gr.

Ómerktir flækingshundar, sem enginn vill taka að sjer, skulu rjettdræpir.

6. gr.

Hver hundeigandi er skyldur að hafa hálsreim á hundum sínum, með brennimarki eða merkiplötu.

7. gr.

Brot gegn fyrirskipunum hreppsnefnda um hundahreinsanir, varða 5—10 kr. sekt. En brjóti hreppsnefndin reglugjörð þessa, varðar það allt að 100 kr. sekt. Með mál út af brotum gegn fyrirmælum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

8. gr.

Samþykkt um lækningu hunda af bandormum o. fl. í Norður-Múlasýslu, dags. 13. ágúst 1895, með síðari breytingum, er með samþykkt þessari num-in úr gildi.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1899.

* * *
Samþykkt af sýslunefnd Norðurmúlasýslu á aðalfundi hennar á Eidum 2. maí 1899.

Skrifstofu Norðurmúlasýslu 16. maí 1899.

Jóh. Jóhannesson.

Reglugjörð

70

fyrir búnaðarskóla Norðuramtsins á Hólum.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita ungum mönnum þekkingu í búfræði og vekja hjá þeim áhuga á framförum í búnaði. Sjerstaklega skal leggja áherzlu á verklega æfingu.

2. gr.

Amtsráðið í Norðuramtinu hefir á hendi yfirstjórn skólans, útvegar fje til hans og úrskurðar reikninga hans. Til þess að hafa á hendi hið nánara eptirlit með skólastofnuninni kýs amtsráðið 2 menn, tilsjónarmann og endurskoðanda, til 3 ára. Tilsjónarmaður skal hafa stöðugt eptirlit með því, að kennslan, forstaða búsins og heimilisstjórnin sje í góðu lagi. Einnig skal hann vera í ráðum með skólastjóra um vandamál skólans og undirbúa þau til amtsráðsfundar. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga skólabúsins, kynna sjer vandlega allan hag skólans og gjöra athugasemdir um það, er áfátt kann að vera. Vor hvert, í maímánuði, skulu þeir skrifa upp og virða eignir búsins.

3. gr.

Amtsráðið ræður skólastjóra og kennara og gefur þeim erindisbrjef. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólabúsins og reikningshald þess. Hann hefir og á hendi innheimtu á jarðarafgjöldum skólans og kirkjugjöldum Hólakirkju, og er reikningshaldari hennar. Reikningar skólans skulu sendir forseta amtsráðsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og tillögum endurskoðanda til úrskurðar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

4. gr.

Bónarbrjef um inntöku á skólann skulu send skólastjóra fyrir lok janúarmánaðar. Skólastjóri veitir inntöku í skólann í samráði við tilsjónarmann og tilkynnir umsækjanda veitinguna hið allra fyrsta.

5. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

1. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 28 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eptir ástæðum.
2. Að umsækjandi sje siðsamur.
3. Að hann sje heilsugóður og hafi nægan þroska til venjulegrar sveitavinnu.
4. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi, kunni í reikningi 4 höfuðgreinir í heilum tölum og brotum, riti íslenzku stórlýtalaust, og skilji auðvelda dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum öllum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina.

Við inntöku pilta á skólann skulu þeir ganga undir próf í þeim greinum, sem nefndar eru í 4. tölulið.

6. gr.

Skólaárið telst frá miðjum maímánuði til jafnlengdar. Námstíminn er ákveðinn 2 ár. Fari námssveinn úr skólanum án gildra orsaka, áður en sá tími er liðinn, eður sje honum vísað burtu þaðan fyrir hans eigin sök, er hann skyldur að endurgjalda kostnað þann, er skólinn hefir haft af honum, eptir því sem amtsráðið ákveður. Leggist piltur veikur, skal hann borga allan kostnað við

læknishjálpi og sjerstaka aðhjúkrun, svo og 1 kr. fyrir hvern dag, sem hann er frá verkum vor og haust, og 2 kr. fyrir hvern dag um heyskapartímann. 70

7. gr.

Námssveinar eru skyldur til að vinna að öllum heimilistörfum, svo sem alls konar jarðrækt, heyvinnu, húsaþyngingum, móskurði, smíðum, aðdráttum o. s. frv. Til skiptis skulu þeir taka þátt í skepnuhirðingu sumar og vetur. Námsveinar skulu sýna skólastjóra, eða þeim, er hann felur verkstjórn, hlýðni og trúmennsku við þessi störf, eins og í hverju öðru.

8. gr.

Námssveinar fá á skólabúinu fæði, húsnæði, rúmföt, skóledur, sokka og vetlinga til slits, þjónustu og ljós. Bækur og ritföng leggja þeir sjer til sjálfir.

9. gr.

Skólastjóri getur leyft námssveinum að vera burtu frá skólanum 18 daga um jólin, frá 20. des. til 6. jan.

10. gr.

Heimilt er að leyfa inntöku á skólann þannig, að umsækjanda sje leyft að vera að eins á skólanum að vetrinum, ef hann fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir inntöku í skólann, færir sönnur á, að hann hafi að sumrinu unnið að búnaðarstörfum, og greiðir meðgjöf með sjer 150 kr. yfir 6 mánuði.

11. gr.

Verklega kennslan fer fram sumar og vetur, en bókleg kennsla frá 1. nóvbr. til 30. apríl; svo skal og verja 6 stundum á viku hverri í 6 vikur á sumrinu til grasafræðisnáms. Til bóknáms skal verja 9 stundum að jafnaði hvern virkan dag, en þann tíma árs má eigi ætla námssveinum aðra vinnu en bóknám, meira en 3 stundir á dag. Frá 1. maí til 31. oktbr. má eigi ætla þeim lengri vinnutíma á dag en 11 stundir utan sláttar og 12 stundir um slátt.

12. gr.

A. Verklega skal kennt:

1. Þúfnasljettun og plæging.
2. Garðahleðsla.
3. Skurðagjörð til vörzlu og vatnsveitinga.
4. Ræktun matjurta og fóðurjurta.
5. Meðferð á áburði.
6. Heyskapur og heyverkun.
7. Fjenaðarhirðing.
8. Meðferð mjólkur.
9. Smíði á jarðyrkjuverkfærum.
10. Landmæling og hallamæling.
11. Notkun jarðyrkjuverkfæra og heyvinnuverkfæra.
12. Verkstjórn.

70 B. Bóklegt skal kennt:

1. Jarðyrkjufraði, um eðli og samsetning jarðtegunda, áburð, túnarækt, framræslu og veitugjörð.
2. Garðræktarfraði.
3. Fóðurjurtafraði.
4. Húsdýrafraði.
5. Búnaðarhagfraði og búreikningagjörð.
6. Dráttlist: að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum.
7. Rúmmálsfraði, landmæling og hallamæling.
8. Reikningur: þríliða, prósentureikningur, rentureikningur og kvaðratrót.
9. Náttúrufræði: efnafræði, eðlisfræði, grasafræði og dýrafræði.

Bæði vetur og sumar skulu ennfremur haldnir á skólanum, svo opt sem því verður við komið, fyrirlestrar almenns efnis, er ekki að eins kennarar skólans haldi, heldur og aðrir, er til þess væru kvaddir.

13. gr.

Burtfararpróf skal halda að afloknum námstíma, að vorinu í hinu bóklega, en undanfarandi haust í hinu verklega. Við prófið skulu vera 2 prófdómendur, er amtmaður kveður til þess.

14. gr.

Við burtfararpróf skal gefa sjerstakar einkunnir.

A. Í verklegum námsgreinum fyrir:

1. Þúfnasljettun og plæging.
2. Garðhleðslu og vörzluskurðagjörð.
3. Framræslu og veitugjörð.
4. Landmæling og hallamæling.
5. Garðræktarstörf.
6. Heyvinnu.
7. Fjenaðarhirðing.
8. Verkstjórn.
9. Iðni, kapp og reglusemi.

Í þeim greinum, er prófdómendur geta eigi um dæmt eptir eigin sjón, ákveður skólastjóri og kennari einkunnina eptir þekkingu þeirra á námssveininum.

B. Í bóklegum námsgreinum fyrir:

1. Jarðyrkjufraði.
2. Garðræktarfraði.
3. Fóðurjurtafraði.
4. Húsdýrafraði.
5. Búnaðarhagfraði og búreikningagjörð.
6. Dráttlist.
7. Rúmmálsfraði.
8. Reikning.
9. Náttúrufræði.

15. gr.

70

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa, afar-illa, eða í tölum 6, 5, 4, 3, 2, 1. Tölurnar fyrir neðan 6 má ákveða nákvæmar með brotonum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$. Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunna fjöldanum. Tala sú, er kemur út, reiknuð með tveimur decimölum, sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru: ágætlega (5,50—6), dável (4,50—5,49), vel (3,50—4,49), laklega (2,50—3,49); náí einhver ekki 2,50 í aðaleinkunn, hefir hann eigi staðizt prófið.

16. gr.

Hverjum þeim námssveini, er staðizt hefir burtfararpróf, skal skólastjóri gefa burtfararskirteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, er hann hefir við prófið, og hinar sjerstöku einkunnir, er hann hefur fengið í hverri námsgrein. Í burtfararskirteininu skal gefinn vitnisburður um iðni og hegðun. Sá námssveinn, er eigi hefir staðizt burtfararpróf, eða eigi gengið undir það, á rjett á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

17. gr.

Skýrslu um skólahaldið og yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar skal birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins.

Reglugjörð skólans 1. sept. 1890 er úr gildi numin.

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri, 28. maí 1899.

Páll Briem. Ólafur Briem. Árni Jónsson.

B. G. Blöndal. Stefán Stefánsson.

Samþykkt

71

um kynbætur hesta í Skagafjarðarsýslu, er sýslunefndin hefir gjört og hjeraðsbúar fallizt á.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, samkvæmt reglum þeim, sem hér eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver sá maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, er kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga

(Prentað upp).